

1804198

Ágætu félagsmenn.

Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga var haldinn þann 26. apríl síðastliðinn. Þar bar stjórn félagsins upp tillögu um veiðitilhögun fyrir sumarið 2019 byggða á sama kerfi og félagsmenn hafa búið við síðustu áratugi.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi aðalfundargerð samþykkti fundurinn tillögu um bann við netaveiði sumarið 2019 en áfram skuli félagsmönnum vera frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða.

Eins og háttar til víðast hvar í Ölfusá og Hvítá verður ekki komið við stangveiði á laxi þar sem fram til þessa hefur verið stunduð veiði í net. Akvörðunin leiðir því til þess að stór hluti félagsmanna verður útilokaður frá því að nýta hlunnindi sín sumarið 2019, geta hvorki veitt né notið arðs af veiði.

Deilt er um lögmaði ákvörðunar aðalfundar um bann við veiði í net og er formanni kunnugt um að félagsmenn ætti sér að kæra hana til Fiskistofu. Ræðst það síðan af úrskurði Fiskistofu hvort hún telst lögmað eða ólögmæt.

Reynist ákvörðunin lögmað þá hefur hún mikil áhrif á nýtingu neta- og stangveiðihlunninda félagsmanna.<sup>1</sup>

Fjölda umboða var aflað fyrir aðalfundinn og réðst framangreind ákvörðun af þeim.

Tilgangur lax- og silungsveiðilaga er að félagsmenn geti nýtt hlunnindi sín með skynsamlegum hætti og skylduaðild að félaginu byggir á þeirri forsendu að við ákvarðanir félagsfundar sé gætt hagsmuna allra félagsmanna.<sup>2</sup>

Vilji félagsmenn koma á framfæri athugasemdum til stjórnar eða fá nánari upplýsingar geta þeir leitað til formanns í síma 892-0372 eða [jorundur@logbyli.is](mailto:jorundur@logbyli.is)

Kaldaðarnesi, 25. maí 2018,

Jörundur Gauksson, formaður.

<sup>1</sup> 49. gr. Bótaskyld skerðing á veiðirétti, lög nr 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Nú leiðir ákvörðun veiðifélags um veiði og friðun til þess að veiðieigandi verður að mun öðrum fremur fyrir tjóni og á hann þá rétt til bóta úr hendi annarra veiðieigenda á félagssvæðinu, á meðan sú ákvörðun gildir. Skulu bætur þessar vera árgjald sem ákveðið er með mati, ef ekki semur. Ákveða má þeim er tjón hefur beðið bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæðinu.

Um ákvörðun bótafjárhæðar, greiðslu bóta og endurgjald, er greinir í lögum þessum, skal eftir því sem við á fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

<sup>2</sup> Í athugasemdum með 12. gr. í frumvarpi því er varð að stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, komu fram þau\_rök fyrir skylduaðild vegna réttinda annarra að við ákveðnar aðstæður gætu tengsl á milli hagsmuna manna orðið svo náið að nauðsynlegt þætti að leggja þá skyldu á þá að virða hagsmuni hvor eða hver annars með því að standa að sameiginlegu félagi í því skyni. Eru veiðifélög tekin sem dæmi um þessa aðstöðu í frumvarpinu og tekið fram að í slíkum félögum sé eigendum veiðiréttar gert að standa að sameiginlegu félagi vegna þeirra nánu tengsla sem eru á milli hagsmuna þeirra(sbr. Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 2108)

ÁRBORG	
Bnr: 15.51	Mott: 30/5/18
Ábm: A. Sdfl.	Mnr: 1804198

# Aðalfundargerð Veiðifélags Árnesinga

2017

Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga haldinn í Félagslundi fimmtudaginn 26. Apríl 2018.

1. Jörundur Gauksson formaður setti fund og gerði að tillögu sinni að Haraldur Þórarinsson og Ketill Ágústsson stýrðu fundi og að Tryggvi Steinarsson ritaði fundargerð. Drífa Kristjánsdóttir kom með tillögu um Magnús Óskarsson hæstaréttarlögmann sem fundarstjóra og að kosið yrði eftir umboðum. Þar eð ekki lá fyrir úrskurður rétt kjörinna fulltrúa til að fara yfir umboð og úrskurða hver væru gild var ákveðið að fresta þessum lið.
2. Tillaga um að Esther Guðjónsdóttir og Kjartan Helgason færu yfir umboð. Samþykkt.
9. Skýrsla Magnúsar Jóhassonar fiskifræðings hjá Hafrannsóknarstofnun. Þar eð ekki lá fyrir kjör fundarstjóra fór formaður fram á að þessi liður yrði tekin fyrir og var það samþykkt.

Helstu verkefni stofnunarinnar á vatnasvæðinu árið 2017 var vöktun á seiðapéttleika sem staðið hefur samfellt frá árinu 1985, aldursrannsóknir á göngufiski, lífríksrannsóknir í Sogi en þær eru unnar fyrir Landsvirkjun og rannsóknir á vatnasvæði Tungufljóts en þar er fyrst og framst verið að vakta landnám laxa ofan við fiskstigann við Faxa og fylgjast með árangri seiðasleppinga. Safna og vinna úr veiðiskýrslum. Á vegum Veiðifélags Árnesinga var alls dreift 8.461 sumaröldum laxaseiðum í Dalsá og Fossá og 14.000 gönguseði fóru í Tungufljóti, voru þær sleppningar ekki á vegum félagsins. Þrjár hrygnur voru veiddar til hrognatöku úr Dalsá og Fossá og gáfu samtals 4,2 lítra af hrognum. Þrjár hrygnur og þrír hængar voru fluttir á ófiskgeng svæði í Stóru-Laxá og er þeim ætlað að hrygna þar og koma upp seiðum. Seiðaárgangur laxaseiða 2013 hefur mælst slakur en 2014 og 2016 betri og árgangur 2017 virðist ætla að koma vel út. Samband laxveiði og seiðapéttleika laxaseiða eins árs seiða sýnir að meginreglan er að péttleiki eykst með aukinni laxgengd þó að ákveðnu hámarki. Árgangar 2012 til 2015 standa undir veiði 2018, þeir gefa von um aukna smálaxagengd en göngur eru þó háðar heimtum úr hafi. Gera má ráð fyrir samdrætti í stórlaxagengd sumarið 2018. Hlífa ætti tveggja ára löxum fyrir veiði. Seiðabúskapur í Soginu var áfram slakur og hafa eins árs seiði verið undir meðaltali nær samfellt frá 1997. Þar eru rennslissveiflur vegna virkjana sem komið hafa niður á seiðapéttleika og sum ár a.m.k. mættu fleiri laxar hrygna í Sogi. Í Stóru-Laxá hefur mælst aukning í péttleika eins og tveggja ára laxaseiða, árgangur 2014 frá hrygningu 2013 kemur vel út en það ár var mjög góð laxveiði í ánni. Seiðarannsóknir á vatnasvæði Tungufljóts sýna að uppeldi villtra laxa ofan Faxa er að mestu bundið við Einholtslæk og Tungufljót fyrir neðan lækkinn. Sumarið 2017 gengu 55 laxar upp stigann við Faxa og 7 silungar. Stiginn var lokaður um tíma til klakfiskatöku. Á sl. sumri bárust 22 örmerki úr veiddum löxum sem sleppt var sem gönguseiði í Tungufljót vorið 2016, gera þetta 0.73% heimtur. Sex merki komu fram í veiði í Tungufljóti og 16 í Ölfusá og Hvítá. Samkvæmt bráðabirgðatölumum yfir veiði á vatnasvæðinu árið 2017 veiddust 1.749 laxar á stöng og 1.694 í net, 1.125 urriðar veiddust á stöng og 280 í net og 1.107 bleikjur á stöng og 18 í net, að auki 12 hnúðlaxar. Enn vantar skýrslur og tölur eiga eftir að hækka, einkum í stangveiði á bleikju. Að lokum gat Magnús þess að kanna þurfi betur vægi hvers stofns og minnti á að góð veiðiskráning er afar mikilvægur grundvöllur veiðiráðgjafar. Í kjölfar fyrirspurna úr sal sagði hann að Hafrannsóknarstofnun væri ekki heimilt að gefa upp höfn þeirra sem ekki skila veiðiskýrslum.

Þegar hér var komið lá ekki fyrir endanleg atkvæðaskrá í samræmi við gild umboð og lagði því formaður til að Magnús Óskarsson stýrði fundi og að Tryggvi Steinarsson ritaði fundargerð og

var það samþykkt eftir að formaður hafði dregið til baka tillögu sína um að Haraldur Þórarinsson og Ketill Ágústsson stýrðu fundi.

3. Skýrsla stjórnar. Jörundur Gauksson formaður. Stjórnin fundaði reglulega á árinu auk þess sem Magnús Jóhannsson fiskifræðingur var stjórninni til ráðgjafar. Stjórnin veitti umsagnir við minniháttar brúarframkvæmdir Vegagerðarinnar, gerði athugasemdir við Brúarvirkjun í Tungufljóti og við aðalskipulag Skeiða-og Gnúpverjahrepps en þar er gert ráð fyrir tveimur virkjum, Hestvatns og Vörðufellsvirjkun. Stjórnin hafnaði beiðni um viðbótarstöng á Syðri-Brú og var aðili að kæru á starfsleyfi fyrir laxeldisstöð Laxa fiskeldis ehf í Þorlákshöfn. Fjöldi seiða slapp í mars 2017 frá seiðaeldisstöðinni Eylandi í gegnum frárennslu út í skurð sem liggur í Apavatn. Stöðin hefur ekki starfsleyfi og hefur Matvælastofnun ekki svarað stjórninni hvort bætt hafi verið úr búnaði og leyfum. Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur haldið því fram á síðustu aðalfundum að Árborg héldi að sér höndum við að hefja hreinsun á skólpi þar sem hún hafi beitt sér fyrir breytingum á reglugerðinni um fráveit og skólp, en nefnd sem var skipuð af ráðherra til að endurskoða reglugerðina leggur til að tekið verði upp sérákvæði um Selfoss og Egilsstaði sem heimili þeim að veita skólpunu óhreinsuðu út í Ölfusá og Lagarfljót. Stjórnin hefur gert athugasemdir við þessar tillögur enda í andstöðu við lög og tilskipun ESB um þetta efni. Sveitarfélagið Árborg hefur falið Verkfræðistofnunni Eflu að gera umhverfismat á áhrifum skólpvreinsistöðvar fyrir Selfoss. Þegar er ljóst að ekki stendur til annað en hlýða fyrirskipunum Árborgar um að leggja til eins þreps hreinsun. Samkvæmt samningum við Eflu fá þeir eitt og hálft ár til þess að meta umhverfisáhrifin og má öllum að vera ljóst hvers vegna svo langur tími er gefin, þ.e. til að búið verði að breyta reglugerðinni. Um margra ára skeið hefur seiðabúskapur í Soginu valdið áhyggjum og veiði verið léleg. Þar eru rennslissveifur vegna virkjana og hefur Hafrannsóknarstofnun sýnt fram á fylgni milli rennslissveiflna og styrk seiðaárganga. Hafrannsóknarstofnun leggur til að laxi verði sleppt í Soginu og þurfa veiðiréttarhafar að samræma aðgerðir í því efni. Stjórn Veiðifélags Árnesinga er tilbúin að hafa milligöngu í því verði eftir því leitað.

4. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2017 lagðir fram og skýrðir. Ólafur Þórarinsson. Tekjur félagsins voru 4.388.979, gjöld 4.595.657, tap fyrir fjármagnsliði 206.678, fjármunatekjur 204.706 og því tap ársins 1.972. Fastafjármunir eru 8.915.214, skammtímakröfur og eignir í banka 7.979.934 og því eignir alls 16.894.934., Skuldir eru engar og því eigið fé 16.894.934.

5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 lögð fram. Ólafur Þórarinsson. Gert er ráð fyrir að tekjur verði 4.368.544, gjöld 4.477.200 tap fyrir fjármagnsliði 108.656 fjármunatekjur 207.500 og því hagnaður 98.844.

6. Umræður um skýrslu stjórnar, reikninga og fjárhagsáætlun. Guðmundur Sigurðsson benti á að nýtingaráætlun hefði ekki verið gerð fyrir Veiðifélag Árnesinga. Hann hafi verið í sambandi við Fiskistofu sem er með í undirbúnungi gerð nýtingaráætlunar sem gæti þýtt algera friðun á vatnasvæðinu. Jörundur Gauksson sagði að Fiskistofa hafi ekki svarað fyrirspurn hvort nýtingaráætlar nái til neta og meðan það liggur ekki fyrir hafi stjórn haldið að sér höndum. Gunnar Egilsson mótmælti harðlega málflutningi Jörundar í fráveitumálum og sagði það alrangt að Sveitarfélagið Árborg hafi reynt að hafa áhrif á stjórnvöld með það í huga að slaka á kröfum um hreinsun á skólpi. Drífa Kristjánsdóttir lýsti yfir stuðningi við málflutning Jörundar í umhverfis og fráveitumálum.

7. Afgreiðsla reikninga félagsins fyrir árið 2017. Fundarstjóri lagði til að fundurinn greiddi atkvæði um reikningana í einfaldri kosningu og án umboða. Þessu mótmæltu bæði Helgi Haraldsson og Kjartan Lárusson og töldu að með þessu væri fundarstjóri ekki samkvæmur sjálfum sér en í upphafi fundar var farið fram á að starfsmenn fundarins væru kosnir eftir umboðum. Fundarstjóri hafnaði þessu og bar reikningana fram til samþykkta eða synjunar og voru þeir samþykktir án móttatkvæða.

8. Erindi um sjókvíaeldi og áhrif norskra eldislaxa á villta stofna sem Benóný Jónsson hafði ætlað að flytja féll niður.

10. Tillögur stjórnar Veiðifélags Árnesinga um veiðitíma og veiðitilhögun fyrir árið 2019. Fundarstjóri las svohljóðandi tillögu stjórnar.

**„Tillaga um veiðitíma og veiðitilhögun fyrir árið 2019.**

Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga haldinn að Félagslundi 26. apríl 2018 samþykkir að árið 2019 sé félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 28. júní til og með 10. ágúst og frá og með 14. ágúst til 24. september, en deildir geti þó ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30 september. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem um aðra félagsmenn. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur.

Tímabilin 24. júní til 28. júní og 10. ágúst til 14. ágúst eru þeir dagar sem félagið heldur eftir og ráðstafar til að standa straum af kostnaði félagsins. Hefji deildir veiði síðar en 24. júní heldur félagið eftir fyrstu 5 dögum þess tímabils sem og 5 dögum frá 10. – 14 ágúst.

Félagsmenn hafa forkaupsrétt á veiðileyfum hver fyrir sínu landi og þessa daga er netaveiði óheimil nema félagið láti veiða í net.

Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu.

Veiða má í lagnet, króknet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi á stöng fer saman frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Vikulegur veiðitími neta er frá kl. 10 að þriðjudagsmorgni til kl. 22 að föstudagskvöldi.

Daglegur veiðitími staðbundins silungs er frá kl. 8-21.

Mælst er til að silungsveiði, net og stöng, verði ekki stunduð á laxveiðisvæðum 15 daga fyrir laxveiðimann.“

11. Umræður og afgreiðsla á tillögum stjórnar.

Jörundur Gauksson skýrði frá þeim breytingum sem eru boðaðar í tillögunni. Síðustu áratugi hafa félagsmenn notið þess hver fyrir sínu landi að veiða og ráðstafa veiði. Á þessum sama grundvelli hafa Stóru-Laxárdeildin og Tungufljótsdeildin byggt sína starfsemi. Vel hefur tekist til hjá Stóru-Laxárdeild með útleigu árinnar og ólíklegt að þar sé áhugi á að leigja allt vatnasvæðið út í heild sinni og að allar tekjur fari í sjóði Veiðifélags Árnesinga. 10 daga fyrirkomulagið sem hefur verið til að afla féluginu tekna, felur það í sér að þeir sem nýta hlunnindi sín greiða til félagsins, en þeir sem veiða ekki auka arð hinna með friðun. Undanfarið hafa komið fram athugasemdir um þetta fyrirkomulag og kom fram á síðasta aðalfundi tillaga um að hnika

þessum dögum til á veiðítímanum og tók stjórnin það til sérstakrar athugunar eins og tillaga stjórnar ber með sér. Breytingarnar eru hælst þessar að netaveiði er óheimil þar til 28. júní og felur í sér mikla friðun fyrir stórlaxinn að ganga upp vatnasvæðið. Stangveiði byrjar á hefðbundnum tíma en félagið heldur eftir til fjárlöflunar fyrstu 5 dögum trúnbilsins og öðrum 5 dögum frá 10-14. ágúst. Við erum skyldugir að vera í veiðifélagi og þurfum því að finna lausnir sem alltaf byggja á málamiðlunum þar sem við búum við mismunandi aðstæður til veiða á jafn viðfeðmu vatnasvæði. Drífa Kristjánsdóttir tók til máls og sagðist tala fyrir hönd hóps sem vildi færa Veiðifélag Árnesinga inn í nútímann. Með því að leyfa laxi að komast lifandi upp árnar á hrygningaráðvar sínar værum við að auka verðmæti alls vatnasvæðisins öllum til hagsbóta. Hún lagði eftirfarandi tillögu fram.

„Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga, haldinn í Félagslundi, Flóahreppi, fimmtudaginn 26. apríl 2018, samþykkir að fyrir árið 2019 sé félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár – Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 24. júní til og með 9. ágúst og frá og með 17. ágúst til 24. september, en deildir geti þó ákveðið að veiðítími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30. september. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem og um aðra félagsmenn. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur. Veiða má á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Daglegur veiðítíma á laxi og göngusilungi fer saman frá kl. 7:00 - 13:00 og 16:00 – 22:00. Eftir 20. ágúst frá kl. 7:00 - 13:00 og 15:00 – 21:00. Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu og skal fjöldi leyfðra dagsstanga þar vera óbreyttur frá því sem verið hefur. Öðrum félagsmönnum er heimilt að láta stunda veiðar fyrir landi sínu með stöng. Stjórn félagsins skal afla staðfestingar Fiskistofu á þessari samþykkt um ráðstöfun veiða sem nýtingaráætlun til bráðabirgða samkvæmt 4. mgr. 17. gr., 3. mgr. 18. gr. og 29. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 fyrir árið 2019.“

Jörundur Gauksson tók til máls og mótmælti harðlega tillögu Drífu. Mjög víða í jökulvatninu væri útlokað að veiða á stöng og bannig væri verið að hindra að hægt væri að nýta hlunnindi fjölda jarða. Hann beindi því til Drífu að draga tillöguna til baka og krafðist þess jafnfram að henni yrði vísað frá enda ótæk og ólögleg. Árni Baldursson benti á að mesta meðalveiði á stöng væri í þjórsá og að jafnframt væri góð veiði í Blöndu. Maggi Jónsson sagðist vel þekkja til við Blöndu enda alinn upp á bökkum árinnar. Þar hafi aðeins verið veitt í net aður en var virkjað en síðan er minni jökull í henni og því stangveiði möguleg. Ingimundur Sigurmundsson sagði að ekki kæmi fram í fundarboði sú mikla breyting sem kæmi fram í tillögu Drífu og krafðist frávísunar. Bjarni Ófeigur Valdimarsson benti á að tillaga stjórnar gengi lengra í friðun. Hann benti á að Blanda og þjórsá hafi tærst. Þess vegna hafa árnar batnað til stangaveiða. Helgi S. Haraldsson sagði að hann hefði gaman af veiði á stöng en vera á móti tillöggunni. Það væri ekki til neins að þvinga slíku upp á menn. Gunnar Egilsson taldi tillögu stjórnar skynsama en var hissa á að veiðin í Stóru-Laxá skuli ekki aukast meira. Haraldur Þórarinsson tók til máls og sagði að netaveiðin væri varin með lögum. Hópurinn sem legði til þessar breytingar kæmi með hæstaréttarlögmann til að keyra þessar breytingar í gegn og brjóta þannig bæði lög og samþykktir. Hann spurði hvernig þessi hópur ætlaði sér að bæta þann skaða sem netabændur verði fyrir. Verði tillagan samþykkt er eini möguleikinn í stöðunni að leigja allt svæðið út í einu

lagi og greiða arð samkvæmt arðskrá. Jón Árni Vignisson sagðist vel þekkja til á Þjórsárvæðinu enda stjórnarmaður í veiðeflaginu þar. Að veiða fyrir neðan Urriðafoss þar sem laxinn bunkast saman áður en hann stekkur upp er svipað og að veiða upp úr fiskeldiskeri. Tryggvi Steinarsson kvaðst vera því hlynntur að netum fækki en það gerist ekki nema með samningum. Hann benti að Borgfirðingar hafi samið um uppkáup neta sem bergvatnsárnar beri kostnað af og eins hafi verið gerðir nokkrir slíkir samningar á þessu vatnasvæði fyrir nokkrum árum. Hann sagðist ekki vera á móti breytingum en tillaga Drifu sem fæli ekkert annað í sér en ófrið kæmi ekki til greina. Guðmundur Sigurðsson sagði að samningar um uppkáup neta hafi ekki gengið lengur vegna ósamstöðu netabænda. Hann hefði áhyggjur af vatnasvæðinu, ekki síst ef Fiskistofa er að undirbúa nýtingaráætlun sem feli í sér algera friðun. Magnús Jóhannesson sérfræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun taldi tillögu stjórnar hóflega. Esther Guðjónsdóttir kvaddi sér hljóðs og bað um 10 mínútna fundarhlé og varð fundarstjóri við því. Kjartan Lárusson sagðist ekki geta stutt tillöguna þó að hún væri vissulega til hagsbóta fyrir það svæði sem hann kæmi frá. Helgi S. Haraldsson kom með fyrirspurn sem hann beindi sérstaklega til þeirra lögfræðinga sem hann vissi af í salnum. Hver væri skaðabótaskyldur ef tillaga Drifu væri samþykkt? Magnús Óskarsson fundarstjóri ákvað að hafna kröfu Jörundar og Ingimundar um frávísun á tillögu Drifu og vísaði í 4. grein samþykktu Veiðifélags Árnesinga og 3.mgr. 5.grein lax-og silungsveiðilaga máli sínu til stuðnings. Þessu mótmælti Jörundur harðlega og krafðist þess að tillagan væri borin undir atkvæði en því hafnaði fundarstjóri. Bað fundarstjóri, fundarritara að skrá að hann hafi áminnt Jörund um að hafa hljótt. Því næst bar fundarstjóri tillögu Drifu undir atkvæði.

Eftirfarandi gild umboð voru lögð fram. Gunnar Egilsson fór með umboð fyrir Óseyrarnes, Flóagafli, Hallskot og Helli/Fossnes. Ingimundur Sigurmundsson fyrir Hraun 1, Hraun 2, Hraunshjáleigu, Lágar og Hraunshól. Jörundur Gauksson fyrir Kaldaðarnes. Sveinn Sigurmundsson fyrir Eyði-Sandvík. Jón Árni Vignisson fyrir Selfoss 2. Erna Gunnarsdóttir fyrir Selfoss 1. Hreggvíður Hermannsson fyrir Laugabakka, Drumboddsstaði 1, Gýgjarhól 1, Gýgjarhól 2, Gýgjarhólskot, Jaðar 2, Tungufell, Foss, Skipholt 1, Skipholt 2, Skipholt 3, Kringle 2, Ketilvelli, Einiholt og Laugardalshóla. Guðmundur Þorvaldsson fyrir Torfastaði 2. Páll Kjartansson fyrir Miðengi, Búrfell 2, Búrfell 3, Hæðarenda, Vaðnes, Langholt 2, Vatnsnes. Árni Guðmundsson fyrir Mýrarkot og Arnarbæli 1. Árni Oddgeir Guðmundsson fyrir Stóru-Reyki, Litlu-Reyki, Oddgeirshóla 1, Oddgeirshóla 3, Austurkot og Lauga. Helgi S. Haraldsson fyrir Iðu 1. Ingibjörn Öxndal fyrir Auðsholt 3, Auðsholt 4 og Ísabakka. Kjartan Sveinsson fyrir Ásakot 1, Ásakot 2 og Krók. Agnes Geirdal fyrir Galtalæk. Ólafur Einarsson fyrir Mosfell, Syðri-Reyki, Böðmóðsstaði 1, Böðmóðsstaði 2, Leyni, Efri-Reyki, Efstadal 2, Reykjavelli, Brautarhól, Vatnsleysu 1, Vatnsleysu 2, Vatnsleysu 3, Heiði, Litla-Fljót 1, Tjörn, Úthlíð 1, Úthlíð 2, Austurhlíð og Hlíðartún. Drifa Kristjánsdóttir fyrir Hrauntún og Dalsmynni. Kjartan Helgason fyrir Haga 1 og Austurey 2. Esther Guðjónsdóttir fyrir Efra-Langholt, Langholtskot, Syðra-Sel, Hrafnkelsstaði 2, Hrafnkelsstaði 3, Gröf, Laxárhlíð, Sunnuhlíð, Hverabakka, Hvamm 1, Hvamm 2, Túnsberg, Reykjadal, Hruna, Þversprunu, Berghyl, Flúði, Unnarholt, Bjarg, Syðra-Langholt 1, Syðra-Langholt 2, Syðra-Langholt 3, Syðra-Langholt 4, Birtingaholt 1, Birtingaholt 2, Birtingaholt 3, Birtingaholt 4, Skarð, Kaldbak, Hörgsholt og Hrunakrók. Fyrir Klufta Björn Bj.Jónsson. Guðmundur Sigurðsson fyrir Ósabakka 1, Ósabakka 2, Reykjahlíð, Reyki, Sandlæk 1, Sandlæk 2, Breiðanes, Sandlækjarkot, Hæl 3, Laxárdal 1 og Laxárdal 2. Árni Baldursson fyrir Sel 1, Ásbrekku og Sóleyjarbakka. Stefán Jónsson fyrir Núpstún og Hólakot. Tryggvi Steinarsson fyrir Hæl 1 og Hæl 2.

Atkvæði frá eftirtöldum jörðum voru samþykktillögu Drífu: Laugabakkar, Drumboddsstaðir 1, Gýgjarhóll 1, Gýgjarhóll 2, Gýgjarhólskot, Jaðar 2, Tungufell, Foss, Skipholt 1, Skipholt 2, Skipholt 3, Kringla 2, Ketilvellir, Einiholt, Laugardalshólar, Mosfell, Syðri-Reykir, Böðmóðsstaðir 1, Böðmóðsstaðir 2, Leynir, Efri-Reykir, Efstidalur 2, Reykjavellir, Brautarhóll, Vatnsleysa 1, Vatnsleysa 2, Vatnsleysa 3, Heiði, Litla-Fljót 1, Tjörn, Úthlíð 1, Úthlíð 2, Austurhlíð, Hlíðartún, Efra-Langholt, Langholtskot, Syðra-Sel, Hrafnkelsstaðir 2, Hrafnkelsstaðir 3, Gröf, Laxárhlið, Sunnuhlíð, Hverabakki, Hvammur 1, Hvammur 2, Túnsberg, Reykjadalur, Hruni, Þverspryna, Hörgsholt, Berghylur, Flúðir, Unnarholt, Bjarg, Syðra-Langholt 1, Syðra-Langholt 2, Syðra-Langholt 3, Syðra-Langholt 4, Birtingaholt 1, Birtingaholt 2, Birtingaholt 3, Birtingaholt 4, Skarð, Kaldbakur, Hrunakrókur, Ósabakki 1, Ósabakki 2, Reykjahlíð, Reykir, Sandlækur 1, Sandlækur 2, Breiðanes, Sandlækjarkot, Hæll 3, Laxárdalur 1, Laxárdalur 2, Galtalækur, Ásgarður, Langholt 1, Torfastadír, Sólheimar, Reykhóll, Sel 1, Ásbrekka, Sóleyjarkakki, Hrauntún, Dalsmynni og Borgarholt.

Atkvæði frá eftirtöldum jörðum voru mótfallin tillögu Drífu: Óseyrarnes, Flóagafli, Hallskot, Hellir/Fossnes, Hraun 1, Hraun 2, Hraunshjáleiga, Lágar, Eyði-Sandvík, Selfoss 1, Selfoss 2, Kaldaðarnes, Torfastadír 2, Miðengi, Búrfell 2, Búrfell 3, Hæðarendi, Vaðnes, Langholt 2, Vatnsnes, Mýrkot, Arnarbæli 1, Stóru-Reykir, Litlu-Reykir, Oddgeirshólar 1, Oddgeirshólar 3, Austurkot, Laugar, Iða 1, Auðsholt 1, Auðsholt 2, Auðsholt 3, Auðsholt 4, Auðsholt 5, Ísabakki, Ásakot 1, Ásakot 2, Krókur, Hagi 1, Austurey 2, Núpstún, Hrepphólar, Hólakot, Hæll 1, Hæll 2, Hlíð 1, Hlíð 2, Kotferja, Laugardælur, Bíldsfell, Stóra-Ármót, Arnarbæli 2, Oddgeirshólar 2, Miðbýli, Útverk, Fjall 1, Fjall 2, Höfði, Bræðratunga 1, Bræðratunga 2, Auðsholt, Hagi 2, Miklaholt, Austurey 1, Syðri-Brú, Hraunshóll, Hjálmholt og Lambhúskot.

Fulltrúar frá Hömrum 2 og Kluftum sátu hjá.

Tillaga Drífu var samþykkt með 88 atkvæðum gegn 68. Þar eð tillaga stjórnar gekk skemur ákvað fundarstjóri að taka hana ekki fyrir.

12. Stjórnarkjör. Tvær tillögur komu um einn mann í stjórn til þriggja ára. Drífa Kristjánsdóttir stakk upp á Árna Baldurssyni og jafnframt var stungið upp á Guðmundi Þorvaldssyni. Gunnar Egilsson og Kjartan Lárusson óskuðu eftir því að kosningin væri skrifleg en fundarstjóri hafnaði því og var því kosið með nafnakalli í heyranda hljóði. Árni Baldursson hlaut kosningu með 87 atkvæðum en Guðmundur Þorvaldsson fékk 51 atkvæði. Í varastjórn til eins árs hlutu kosningu Esther Guðjónsdóttir með 85 atkvæði, Drífa Kristjánsdóttir með 85 atkvæði og Birkir Þrastarson með 73 atkvæði. Aðrir sem fengu atkvæði voru Bjarni Ófeigur Valmarsson með 46 atkvæði og Hannes Sigurðsson með 34 atkvæði.

13. Kjör skoðunarmanna. Kjörnir voru til eins árs Þormóður Ólafsson og Árni Oddgeir Guðmundsson.

14. Önnur mál. Kjartan Helgason lagði fram svohljóðandi bókun. „Mótmæli harðlega fundarstjórn fundarstjóra sérstaklega er varðar kosningu í stjórn en þá var kosið um menn eftir nafnakalli sem er ólöglegt eftir almennum fundarsköpum og reglum um persónukjör. Kosningin er því að öllu leyti ólögleg“. Guðmundur Þorvaldsson þakkaði stjórnarmönnum samstarfið en

taldi ólíklegt að félagsmenn væru sáttir við afgreiðslu fundarins. Drífa Kristjánsdóttir lagði fram svohljóðandi tillögu.

„Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga, haldinn í Félagslundi, Flóahreppi, fimmtudaginn 26. apríl 2018, beinir því til stjórnar félagsins að semja nýtingaráætlun fyrir félagið, sem taki gildi frá og með árinu 2020 í samræmi við áskilnað 4. mgr. 17. gr., 3. mgr. 18. gr. og 29. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og leggja hana fyrir næsta aðalfund til samþykktar“.

Tillagan samþykkt með 92 atkvæðum gegn 11.

15. Fundi slitið klukkan 19.10

Tryggvi Steinarsson  
Tryggvi Steinarsson  
Fundarritari

Magnús Óskarsson  
Magnús Óskarsson  
Fundarstjóri

Með fyrirvara um að ég tel að orðin „Þessu mótmælti Jörundur harðlega og krafðist þess að tillagan væri borin undir atkvæði en því hafnaði fundarstjóri“ eigi að falla brott en fundarritari hefur tjáð mér að hann vilji að þessi orð komi fram í fundargerð.